

## Fundargerð 410

Föstudaginn 6. desember 2013 kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessi stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Guðmundur R. Gíslason, Rögnvaldur Ólafsson, Steingerður Hreinsdóttir, varamaður og Valdimar Hafsteinsson. Matthildur Helgadóttir Jónudóttir og Ólöf Hallgrímsdóttir boðuðu forföll. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4) og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 11:00 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar
3. Undirbúningur starfs- og rekstraráætlunar 2014
4. Viðbótarafلامark Byggðastofnunar – staðfesting samninga
5. Húsnæði Byggðastofnunar
6. Lán vegna jarðakaupa/kynslóðaskipta í landbúnaði
7. Fundargerðir lánanefndar
8. Byggðaáætlun 2014-2017
9. Handbók fyrir starfsfólk og stjórn – breytingar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 409 og var hún samþykkt samhljóða og síðan dreift til undirritunar.

### 2. Framfylgd starfs- og rekstraráætlunar

AÐ og HÁ fóru yfir 10 mánaða uppgjör stofnunarinnar, sundurliður á almennum rekstrarkostnaði og kostnað við rekstur fullnustueigna. AÐ fór einnig yfir stöðu verkefna í starfsáætlun ársins.

### 3. Undirbúningur starfs- og rekstraráætlunar 2014

Formaður og AÐ ræddu um undirbúning starfs- og rekstraráætlunar 2014. Verður stjórnarmönnum send drög að áætluninni og er áætlað að leggja hana fram á næsta fundi stjórnar.

Fundi frestað kl. 12:20 og framhaldið kl. 13:00

#### 4. Viðbótaraflamark Byggðastofnunar – staðfesting samninga

SÁ kom á fundinn.

Formaður fór yfir stöðu verkefnisins og vinnuna sem hefur verið unnin hingað til. AÐ kynnti bréf frá sveitarstjóra Breiðdalshrepps þar sem óskað er eftir því að stjórn Byggðastofnunar endurskoði þá ákvörðun sína að úthluta engu viðbótaraflamarki til Breiðdalsvíkur.

Ekki hafa komið fram nýjar upplýsingar sem gætu breytt fyrri ákvörðun, og er því beiðni um endurupptöku hafnað. Forstjóra og formanni var falið að svara erindinu formlega.

SÁ fór yfir umsókn um samstarf sem barst frá Bakkafirði um viðbótaraflamark sem auglýst var í nóvember og rann umsóknarfrestur út 26. nóvember sl. Áfram er unnið í umsókninni.

SÁ kynnti framlögð drög að samkomulagi um veiðar og vinnslu á viðbótar aflamarki Byggðastofnunar auk samkomulags um aukna byggðafestu á Tálknafirði, Flateyri, Raufarhöfn og Suðureyri sem áður hafa verið rædd í stjórn.

Samþykkt samhljóða.

SÁ vék af fundi.

#### 5. Húsnæði Byggðastofnunar

AÐ fór yfir minnisblað um húsnæðismál Byggðastofnunar. Leigusamningur stofnunarinnar við Kaupfélag Skagfirðinga rennur út 1. desember 2014 og má þá segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Starfsemi stofnunarinnar hefur breyst frá því að hún flutti í núverandi húsnæði og nýtist aðstaðan að mörgu leiti illa auk þess sem erfitt er að bæta við starfsfólki í dag vegna hönnunar skrifstofunnar. Of fáar skrifstofur eru í boði og lítill möguleiki er á að fjölga þeim. Þá er loftræsting ófullkomin og tölvurými í óhentugu rými inni í skrifstofu.

Tveir kostir eru í boði, að leigja annað húsnæði en lítið framboð er á Sauðárkróki. Hinn kosturinn að stofnunin byggi sjálf fyrir sig skrifstofuhúsnæði.

Samþykkt var að fela forstjóra að auglýsa, eða láta auglýsa eftir hentugu húsnæði fyrir stofnunina á Sauðárkróki, notuðu eða nýju, til kaups eða leigu, og að leita samráðs við Ríkiskaup/Framkvæmdasýslu ríkisins eftir því sem reglur mæla fyrir um og þörf er á. Stefnt er að því að birta auglýsingu við allra fyrstu hentugleika.

#### 6. Lán vegna jarðakaupa/kynslóðaskipta í landbúnaði

AÐ fór yfir minnisblað um lán vegna jarðakaupa eða kynslóðaskipta í landbúnaði. Lagt er til að Byggðastofnun veiti lán til fjármögnunar jarðakaupa/kynslóðaskipta í

landbúnaði í því skyni að styðja við nýliðun, nýsköpun og framþróun í greininni. Lánin verði verðtryggð jafngreiðslulán með 5% breytilegum vöxtum og lánstími allt að 25 ár. Krafa verði gerð um að á viðkomandi jörð sé stundaður búskapur í atvinnuskyni eða sambærileg atvinnustarfsemi, og að á henni sé föst búseta. Ekki verði lánað vegna viðskipta einkahlutafélags og eigenda þess eða vegna innbyrðis viðskipta hjóna eða sambylissfólks. Að öðru leiti gildi almennar lánareglur Bygðastofnunar.

Tillagan var samþykkt.

## **7. Fundargerðir lánanefndar**

*Fundargerð lánanefndar nr. 21/13, 6. nóvember 2013*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 22/13, 12. nóvember 2013*

EGK fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 23/13, 21. nóvember 2013*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 24/13, 27. nóvember 2013*

EGK fór yfir fundargerðina.

...

## **8. Bygðaaáætlun 2014-2017**

Dreift var drögum að þingsályktun um stefnumótandi bygðaaáætlun fyrir árin 2014-2017. Formaður fór yfir drögin og kynnti stöðu málsins.

## **9. Handbók fyrir starfsfólk og stjórn – breytingar**

HÁ fór í gegnum tillögur á breytingum á handbók.

Samþykkt með áorðnum breytingum.

## **10. Önnur mál**

AÐ kynnti bréf frá Landssambandi smábátaeigenda þar sem sambandið fer þess á leit við stjórn Byggðastofnunar að stofnunin færi niður lán smábátaeigenda sem til móts við það sem gert hefur verið og fyrirhugað er að gera hjá öðrum lánastofnununum.

Stjórn hefur ekki lagaheimild til að fella niður einstök lán. Forstjóra falið að svara erindinu.

Formaður upplýsti að hann hefði fengi leyfi frá kennslu á vormisseri og myndi því varaformaður stýra fundi í janúar, en hann reikni með að mæta á aðra fundi.

## 11. Næsti fundur

Næsti fundur verður 10. janúar 2014. Fundarstaður ákveðinn síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____